

Skýrsla frá formanni Hjálmanefndar 13.apríl 2013.

Hér á eftir verður farið yfir það helsta sem gerst hefur í störfum hjálmanefndar frá síðasta fundi umdæmisstjórnar 12.jan. s.l.

Eins og fyrr kom fram þá fékk hjálmanefndin það verkefni að finna út úr fjölda nemenda í fyrsta bekk hvers grunnskóla og einnig að fá fram hvorn litinn sem í boði var hver nemandi vildi. Markmiðið var að skila Eimskip þessum upplýsingum 15.febrúar. Nefndin ákvað að hafa borð fyrir báru og óska eftir þessum upplýsingum fyrir 15.jan. og reyndist það þörf varúðaráætlun því ekki gekk þrautalaust að afla þessar upplýsinga. 21.jan. barst okkur eftirfarandi tölvupóstur frá skólastjóra í Reykjavík:

Ágæti viðtakandi.

Það tilkynnist hér með að stjórnendur XXXskóla munu fylgja vinnureglum Skóla- og frístundasviðs hvað varðar gjafir frá fyrirtækjum. Við munum því ekki þiggja þá hjálma sem hér um ræðir.

Þetta kom fullkomlega flatt upp á okkur en í ljós kom að skólayfirvöld í Reykjavík höfðu sett skólastjórnendum afar stífar reglur varðandi allar auglýsingar skólum. Allar auglýsingar t.d. frá Íþróttafélögum eða öðrum skólum um einhver tilboð sem þurfti að greiða fyrir voru bannaðar. Sömuleiðis mættu skólar ekki þiggja og láta nemendum í té vörur sem merktar væru einhverju fyrirtæki og sem túlka mætti sem auglýsingu. Hjálmannir væru merktir Eimskip og Kiwanis og þetta væru auglýsingar sem skólarnir mættu ekki vera milliliðir í að afhenda nemendum. Reyndar hafði mikill meirihluti skólanna þegar látið okkur í té umbeðnar upplýsingar. Í ljós kom að flesti skólastjórnendur voru afar ósáttir við hve reglurnar væru harðar og ósveigjanlegar. Eftir fundahöld með embættismönnum borgarinnar og formanni menntaráðs fékkst samþykki fyrir að við fengjum þessar upplýsingar og að við mættum afhenda hjálmana í skólum – **utan skólatíma**. Svo á eftir að koma í ljós hvað skólarnir gera þegar félagar okkar hafa samband við þá um afhendingu hjálmana. Við kynntum Eimskipfólkinu þessi viðbrögð borgarinnar. Sem betur fer tóku þeir málinu á besta hátt, þ.e. lýstu undrun sinni en kváðust myndu ræða við skólayfirvöld í Reykjavík í vor þegar þessi úthlutun væri afstaðin. Enginn bilbugur var á þeim að halda þessu verkefni áfram. Finna yrði lausn á málinu fyrir næsta ár varðandi reglur borgarinnar. Þar með hélt vinna okkar áfram og staðan er þannig núna að sendingar á hjálmum er í fullum gangi nú og létum við ganga fyrir sendingar til Kiwanisklúbba sem sjá sjálfir um afhendinguna utan skólanna og sem hafa margir hverjir tengt hana við sumardaginn fyrsta. Eimskip ætla að vera með auglýsingar og kynningar í fjölmiðlum á verkefninu helgina 3. - 5.maí. ástæðan fyrir að þeir vilja seinka því er að vegna kosninganna er mjög erfitt að koma svona efni að í fjölmiðlum. Því er heppilegt að hafa aðrar afhendingar, sem fara þá fram í skólunum, um sama leyti eða í beinu framhaldi, helst vikuna 6.- 10.maí. Það er um að gera að vekja sem mesta athygli á þessu frábæra verkefni. Við viljum mælast til að reynt verði að koma fréttum að afhendingunni í sem flesta fjölmiðla, svæða- og hverfablöð, útvarps- sjónvarpsstöðvar. Gott væri að fá ábendingar um tilvik þar sem hjálmannir hafa bjargað málum. Gæti verið tilefni til viðtals og fréttar. Þeir verða með sérstakan tengil til að vinna að þessu verkefni og gott væri að fá PR – tengil frá Kiwanis til að vinna með honum.

Ölversmenn ætla að taka að sér afhendingar á hjálmum í sveitaskólunum á Suðurlandi sem áður hafa bara verið sendir í skólunum og afhentir af skólunum og Jörfi og Þyrill eru með áætlanir um að leggjast í ferðalög í Borgarnes, Snæfellsnes og Dali til að afhenda í skólunum þar. Drangeyingar taka að sér Húnavatnssýslu og Óðinssvæðið er að huga að möguleikum á Austurlandi líka. Þar með yrðu aðeins fá svæði útundan og þar er Austurland mest áberandi.

Haraldur Finnsson

Formaður hjálmanefndar.